

LISTIR

Óhlutbundin viðhorf

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

ÍSLENZK ABSTRAKTLIST - ENDURSKOÐUN.

Opið frá 10-18 alla daga til 7. maí.
Aðgangur 300 kr.
Sýningar skrá 1600 kr.

SÝNINGIN „Íslensk abstraktlist - endurskoðun“ í vestursal Kjarvalsstaða vekur öðru fremur upp ýmsar vangaveltur um stöðu íslenskra núlista.

Það er sitthvað sem breytt hefur um merkingu í ræðu og riti í árunna rás og þannig hefur hugtakið „abstrakt“ mikið til verið afmarkað við ákveðna tegund myndlistar eftirstríðsáranna, þótt allri list sem almenningur skilur ekki gefi hann þetta samheiti. Síður ber að rugla hugtakinu við hinar byggingarfræðilegu listhugmyndir svonefndra konstruktívista, svo sem rússanna Tatlin, Malevitche Fontcharov og Lairoff. Og þó að í eðli sínu sé alveg rétt að nefna óhlutlæga list abstrakt, koma einnig fram sértækir eigindir í ýmsum gerðum hlutlægra mynda eins og allir málara vita. Og „impression“ kemur t.d. fram í málverkum 200 árum áður en nafnið varð að listastefna og sérstök hugtaki, eins og viðurkennt er, og ég hef áður bent á í skrifum mínum.

Og á líkan hátt hefur hugtakið „móðernismi“ í höfuðdráttum ein-skorðað sig við ákveðið tímabil í list Parísarskólans þótt svo að upphaf hans sé að finna í Katalóníu, eins og öll uppláttarrit fræða forvitna um. Þannig tala menn um post-móðernisma og jafnvel post-post-móðernisma er vísað er til þessa tímabils líkt og að móðernisminn hafi verið ákveðin listastefna eða stílbrot á afmörkuðu tímasteið, og við eru komnir að þeim endamörkum og vegamótum að móðernisminn er fordæmdur og fram kemur and-móðernismi og allt sem tengist móðernismanum er víða orðið skammarorð meðal ungra listspíra. Það væri svo alveg eins hægt að nefna þessa sýningu „Móðernismi - endurskoðun, því strangt til tekið var með móðernismanum auðvitað átt við nú-tímanna, ný og fersk viðhorf, eins og allir vita, og telst það nokkur öfugþróun að vera andsnúinn slíku og gera þau stefnumörk að núlistum dagsins. Framfarasinuð viðhorf í listum geta menn svo náttúrulega ekki alfarið einangrað við ákveðið tímabil, því átt dagsins í dag er önnur en átt morgundagsins. Teldist jafn rétt sem rangt í þeim fræðilega hugmyndaáðli og útlistunarleikfimi sem eru einkenni ýmissa seinni tíma kenningasmíða, sem hafna í senn fortíðinni sem frumeigindum sköpunarverksins og jafnframt öllu samanlögðu tilfinningasviðinu. Það kemur manni þannig spansk fyrir sjónir, og telst nokkuð


loðið og misvísandi, að nefna sýninguna að Kjarvalsstöðum „Íslensk abstraktlist - endurskoðun“, því að hún rís í eðli sínu hvorki undir því nafni í umræðu dagsins né að það geti kallast heppileg og fullkomlega rétt skilgreining á því sem valið hefur verið á veggina. Jafnframt er valið mjög einstrengislegt og gefur mjög óskýra hugmynd um það sem gerst hefur frá blómaskeiði stefunnar á fimmta og sjötta áratugnum og allt þar til hugmyndafræðilega listin skyggði á hana um stund.

Þegar sýningin „Íslensk abstraktlist“ á sama stað um árið reyndist afar sundurlaus og ómarkviss framkvæmd, þar sem reynt var að troða sem flestu undir hugtakið á síðasta snúningi, er þessi líkt og hin fyrri í hnotskurn. Með þeim formerkjum þó, að nú vantar margt sem hefur verið að þróast á undanföllum árum. Hugtakið abstrakt og abstraksjón ná yfir víðara svið en einungis óhlutbundna list, og þannig greindu menn sértæk viðhorf í málalari list fyrir síðustu aldamót og menn tala um að „abstrahera“ í myndverki, sem þó telst hlutlægt.


Þá er ekki verið að endurskoða íslenska abstraktlist í ljósi þeirra Svavars Guðnasonar og Þorvaldar Skúlasonar, sem báðir byggðu upp á ríki tilfinningu fyrir íslenskum veruleika, þrátt fyrir nán tengsl við erlenda strauma. Mun frekar er verið að vísa til listrænnar hreinræktunar í takt við fjarstýrðar erlendar fyrirmyndir og á tengsla við landið og þróun íslenskrar abstraktlistar, svo sem hún er skilin og meðtekin af málurum. Jafnframt er verið að upphafa list sem „firt er öllum tilfinningum“, þó manni sé spurn hvort sitthvað sem haldið er fram í formála, sem skapar kímni og ýmsar hliðar skynsviðsins vísi ekki einmitt til lífrænna kennda?

Nýjar uppgötvunar seinni ára á sviði vísinda hafa á nákvæmlega sama hátt haft áhrif á núlistamenn, og merkar tæknilegar nýjungar og áður óþekktar hugmyndir gerðu í upphafi aldarinnar. Þær hafa svo ekki síður kollvarpað fyrri hugmyndum og aukið sjálfstæði myndlistarmanna, sem nú hafna í auknum mæli að vera taglhnytingar kenningasmíða á borð við Michael Seuphor, André Bloc og Leon Degand eftir stríð, en byggja á sjálfstæðri reynslu líkt og listamennirnir gerðu, studdir af hugmyndafræðingum rithöfundum, gagnrýnendum og listhöndlurum. En nú hefur ný kynslóð sýningarstjóra og listheimspeklinga ruðst fram og gerir kröfu til að hafa frumkvæðið með þeim árangri að listin er orðin að kaldri tilfinningalausri stærðfræði annars vegar, og taumlausu síðleysi hins vegar, sem hvorutveggja er fært í háleitan heim-spekilegan búning.

Í ljós hefur komið, að mannslíkam-



Kristján Guðmundsson: Brotinn sjóndeildarhringur, 1993. Kalkipappír 240x570 sm.



Ragna Róbertsdóttir: Án titils, 1995. Blekteikning á skilrúm. 125x125 sm.

inn leysir fyrrum óleysanlega reikningsþrátt og er þannig fullkomnasta „geometría“ jarðarinnar, og að hinn mesti miskilningur var að hafna figúrunni í myndlist, þótt það kunni að hafa haft tilgang á afmörkuðu tímaskeiði. Þá hafa menn komist að því að jafnvel hinn veikasti gróður hefur tilfinningar og skynsvið, sem gerir honum kleift að lifa af og verja sig gegn ýmsum plágum er á herja. Grasið undir fótum okkar hefur ekki lengur til. Náttúran er í stöðugri mótun líkt og himingeimurinn allur, en að baki eru mjög rökvis og fullkomin öfl, sem mannum hefur ekki enn tekist að skilgreina til fulls.

List sem byggist á tilfinningum og getur verið í senn blíð og grimm sækir nú í sig veðrið svo sem sjá má í listsölu heimsborganna hvað sem prédikað er á útjöðrum heimsins, og sækir vísu sína í menningarlegar hliðargötur og listpólitísk öngstræti. Útilokað er að hægt sé að afskrifa tilfinningasviðið og vísað skal til, að guðfaðir surrealistanna, André Breton, sagði eitt sinn: „Það þarf að

takmarka listina við einföldustu form hennar, sem er kærleikur. Það þýðir að allt sem er óþekkt er fjarlæggt uns ekkert er eftir nema sjálfur lífskrafturinn, tilvist mannsins.“

Ég nefni þetta hér vegna þess, að hinn sértæki heimur súrrealismans getur alveg eins talist „abstrakt“ og t.d. geometrísk form í ljósi skilgreiningar Gunnars Kvarans. Rétt telst að á sýningunni að Kjarvalsstöðum er um óhlutbundið myndmál að ræða, og abstrakt vísun svo sem hún var skilin og meðtekin hér áður fyrir kemur fram í myndum Daníels Magnússonar, Erlu Þórarinsdóttur og Þóreyjar Jónsdóttur. Hins vegar er mun meira af hugmyndafræðilegri list, sem einmitt tók afstöðu gegn abstrakt tjáningu, í myndverki Haralds Jónssonar, Ingólfs Arnarssonar, Ívars Valgarðssonar, Kees Visser, Kristjáns Guðmundssonar, Kristjáns Steingrims Jónssonar, Rögnu Róbertsdóttur, Ráðhildar Ingadóttur, Sigrúnar Ólafsdóttur, Svövu Björnsdóttur og Tuma Magnússonar. Gunnar hefur látið svonefnt „formleysismálverk“, sem er misvísandi nafngift á óformlegri myndtjáningu í frjálsri mótun, og það sem hann nefnir á frekar niðrandi vísu „landslagsabstraktmálverk“ sem hann jafnframt segir „að nokkuð hafi borið á hér á landi á síðustu misserum“ liggja á milli hluta. Dæmir þar með úr leik.

EKKI veit ég hvernig Gunnar fer að því að skilgreina allt tímabilið frá Svavari og Þorvaldi sem nokkur misseri, en það er í ætt við ýmsar aðrar skilgreiningar hans, sem ég á afar erfitt með að meðtaka fyrir hönd íslenskrar samtímalistar.

Í sjálfa sér er þetta fullgild sýning, sem sækir hugmyndir áratugi aftur í tímann eins og svo margt sem stífast er haldið fram af róttækum sýningastjórum austan háfs og vestan nú um stundir. Þannig séð er hún fullgild rannsókn á möguleikum óhlutbundinnar tjáningar, en minna í takt við lífið allt um kring. Sýningar skráin er að þessu sinni vel úr garði gerð og allur frágangur mun vandaðri en áður. Áhugasamir um þessa tegund myndlistar geta svo ornað sér við ítarlegan og á köflum skilvirkan formála Gunnars Kvaran.

Bragi Ásgeirsson.

Leggur og skel til Vestmannaeyja

HVUNNDAGSLEIKHÚSIÐ hefur að undanförmu sýnt barna-söngspilið Legg og skel eftir Ingu Bjarnason og Leif Þórarinsson í húsnæði Kaffileikhússins í Hlaðvarpanum og á sunnudag 23. apríl verður Hvunn dagsleikhúsið með sýningar á Legg og skel í Vestmannaeyjum.

Í leikhópnun eru fjórir leikarar, sem leika ýmis hlutverk og stjórna brúðum, þau Hinrik Ólafsson, Sigrún Sól Ólafsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir og Gunnar Gunnsteinsson. Tveir hljóðfærleikarar eru í sýningunni, þau Una Björg Hjartardóttir, flauta, og Leifur Þórarinsson, píanó. Leikstjóri er Inga Bjarnason. Höfundur tónlistar er Leifur Þórarinsson og leikmynd, búningar og brúður eru verk Guðrúnar Svövu Svavarsdóttur.

Næsta verkefni Hvunn dagsleikhússins verður Trjújudætur eftir Evrípides í þýðingu Helga Hálf-danarsonar.

Gúmmí Tarzan

DANSKA kvikmyndin Gúmmí Tarzan verður sýnd í Norræna húsinu í dag kl. 14.

Myndin fjallar um átta ára gamlan strák sem getur ekki fullkomlega lifað upp til væntinga föður síns og er einungis Tarzan eins og pabbi hans vildi gjarnan að hann væri. En dag nokkur kynnist hann krana-stjóra og þar eignast hann góðan vin.

Þessi mynd hlaut Bodil-verðlaunin í Danmörku 1981 og er gerð eftir barnabók Ole Lund Kirkegaard. Leikstjóri er Søren Kragh-Jacobsen. Myndin er 89 mín.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Vortónleikar Karla kórs Reykjavíkur

Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur með kórnum


SIGRÚN Hjálmtýsdóttir (Diddú) syngur einsöng með Karla kór Reykjavíkur á vortónleikum kórsins, sem verða haldnir síðustu vikuna í apríl.

Kórinn heldur fimm tónleika að þessu sinni. Fernir tónleikar verða í Langholtskirkju í Reykjavík, mánudaginn 24. apríl, miðvikudaginn 26. apríl og fimmtudaginn 27. apríl kl. 20 og lokatónleikarnir verða laugardaginn 29. apríl kl. 16.

Stjórndandi Karla kórs Reykjavíkur er Friðrik S. Kristinsson og undirleikari á tónleikum er Anna Guðný Guðmundsdóttir.


Gerðu það gott með He

Tæknival býður þér hágæða Hewlett-Packard litaprentara, geislaprentara og litaskanna á einstöku verði. Takmarkað magn. Kynntu þér málið.




HP DeskJet 520 prentarinn fyrir svarta litinn. Hljóðlátur, sterkur og hraðvirkur. Gæðaútprentun 300x600 dpi í svörtu. Tilboðsverð:

kr. 29.900 stgr.




HP DeskJet 320 litaprentarinn. Hljóðlátur og fyrirferðalítil. Gæðaútprentun 300x600 dpi í svörtu og 300 dpi í lit. Tilboðsverð:

kr. 32.000 stgr.



HP DeskJet 560C litaprentarinn. Hraðvirkur prentari með gæðaútprentun 300x600 dpi í svörtu og 300 dpi í lit. Tilboðsverð:

kr. 49.900 stgr.



HP DeskJet 1200C litaprentarinn. Öflugur. Hraðvirkur. Gott minni. Há gæðaútprentun 300x600 dpi í svörtu og 300 dpi í lit. Tilboðsverð:

kr. 105.900 stgr.